

2020

Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2020

Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh setti aðalfundinn. Í ávarpi sínu ræddi hún m.a. um að vegna faraldurs COVID-19 er fundurinn haldinn með öðru sniði. Einnig var hann í streymi. Á þessum fordæmalausu tímum þurfti að fresta aðalfundi í vor og því spannaði starfsár stjórnar 15 mánuði. Starfsárið var viðburðarríkt, en lokið var við að halda upp á 100 ára afmæli félagsins og byrjað var að fagna ári hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) standa fyrir. Fresta þurfti frekari fyrirhuguðum viðburðum á árinu vegna veirufaraldursins. Eftir 18 mánaða baráttu við samningaborðið liggur niðurstaðan fyrir og vonbrigðin eru mikil en nú er mikilvægt að þetta raðirnar og horfa fram á veginn. Stofnanasamningar eru í vinnslu en klára á þá hratt og örugglega. Baráttunni er ekki lokið, heilbrigðiskerfið verður ekki rekið án hjúkrunarfræðinga.

Kosning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri kosinn: Bylgja Kærnested (1.0).

Fundaritari kosinn: Anna María Þórðardóttir (1.0).

Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Guðbjörg Pálsdóttir formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári (2.0). Í ársskýrslu félagsins er ítarleg umfjöllun um starfsemi þess á lengdu starfsári 2019-2020. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfsárinu auk eins vinnudags stjórnar. Starfsárið var mjög sérstakt og skiptust á skin og skúrur. Kjarabaráttan hefur verið fyrirferðarmikil og hefur það litað starfsemi félagsins allt starfsárið. Unnið var eftir fremsta megni samkvæmt starfsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi 2019 en veirufaraldurinn hafði þar einnig áhrif. Lokið var við endurbætur á húsnæði félagsins. Haldið var áfram að fagna hundrað ára afmæli félagsins með fjölbreyttum hætti og má þar nefna fjölskyldudaginn í Árbæjarsafninu þar sem sögusýningin hjúkrun í 100 ár var til sýnis, gríðarlega vel heppnaða ráðstefnu í Hofi á Akureyri og glæsilegan afmælisfagnað í Hörpu 15. nóvember. Byrjað var að halda upp á ár hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra en frekari hátíðarhöld þurfa því miður að bíða til betri tíma. Vinna við miðlæga kjarasamninga hélt áfram sem og gerð stofnanasamninga.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri og Halla Eiríksdóttir, gjaldkeri stjórnar Fíh gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir árið 2019. (3.0).

Árið 2019 var annasamt og litaðist af stórum hluta af 100 ára afmæli Fíh, eins og sjónvarpsþáttagerð vegna afmælisársins, afmælishátíðarinnar ofl. Skipting greiðslna í mismunandi sjóði félagsins er á þann veg að félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð en launagreiðendur greiða í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð, vísindasjóð

og styrktarsjóð. Farið var yfir rekstrarafkomu og eigið fé hvers sjóðs fyrir sig, en gert er ráð fyrir að hver og einn sjóður standi undir kostnaði. Ársreikningur var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum og af stjórn félagsins.

Niðurstaða félagssjóðs var tap upp á 30,5 milljónir króna sem skýrist helst af afmælisári, en gert hafði verið ráð fyrir tapi upp á 45 milljónir. Almennt er rekstur félagssjóðs í góðu jafnvægi. Hagnaður var á rekstri orlofssjóðs, 10,7 milljónir en tekjur jukust um 8%, að stærstum hluta vegna aukinnar eftirspurnar eftir hótelmiðum. Auk þess var verðgildi punkta lækkað örlítið á fyrra rekstrarári til að bregðast við tapi sjóðsins.

Starfsmenntunarsjóður skilaði hagnaði upp á 600 þúsund á árinu. Tap var á rekstri vísindasjóðs um 112 þúsund krónur sem skýrist m.a. af styrkveitingum úr honum vegna afmælisárs Fíh. Sjóðurinn stendur traustum fótum. Söfnun fjár í Vinnudeilusjóð heldur áfram, en enn er ekki búið að klára kjarasamninga við alla viðsemjendur. Ekki er tímabært að endurskoða framlag í vinnudeilusjóð, en taka þarf mið af verðlagsþróun við þá ákvörðun. Afkoma styrktarsjóðs var neikvæð, en tap var á rekstri sjóðsins árið 2019 um 29 milljónir króna. Úthlutanir úr sjóðnum hafa aukist mikið og er tapið til samræmis við áætlanir til að lækka eigið fé sjóðsins.

Ársreikningar félagsins voru samþykktir með meirihluta greiddra atkvæða. Enginn var á móti.

Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga var lagður fram. Engir styrkir voru veittir árið 2019 en að jafnaði er veitt úr honum annað hvert ár. Eigið fé í lok árs var 4,6 milljónir. Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var lagður fram. Engir styrkir voru veittir árið 2019. Eigið fé í lok árs var 1,2 milljónir króna. Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var lagður fram. Engir styrkir voru veittir árið 2019. Eigið fé í lok árs 2019 var 5,2 milljónir króna. Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða.

Ákvörðun um félagsgjöld

Halla Eiríksdóttir, gjaldkeri stjórnar félagsins kynnti tillögu stjórnar varðandi félagsgjöld (4.0). Tillaga stjórnar var að félagsgjöld verði óbreytt, 1,2% af dagvinnulaunum, en af þeim renna 0,15% beint í vinnudeilusjóð. Hámarksgreiðsla óbreytt kr. 105,000.

Félagsgjöld fagaðila verði áfram kr. 10.000 á ári. Var tillagan samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða. Enginn var á móti.

Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsár

Hildur Björk Sigurðardóttir, meðstjórnandi kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020 (5.0). Helstu verkefni næsta starfsárs, sem er aðeins 9 mánuði má skipta í fjögur megin markmið:

- 1) Hjúkrun og samfélagið. Unnið verður áfram í því að gera hjúkrunarfræðinga og störf þeirra sýnilegri með það að markmiði að fá yfirvöld til að fjárfesta í hjúkrun. Stefna félagsins verður endurskoðuð til samræmis við heilbrigðisstefnu stjórnvalda til 2030. Áfram er áhersla á að jafna kynjahlutfall þar sem nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingar endurspegli fjölbreytileika skjólstæðinga sinna.
- 2) Kjaramál. Áhersla er á að ljúka miðlægum kjarasamningum við þá viðsemjendur sem ósamið er við og endurskoðun stofnanasamninga, en einnig er vinna við styttingu vinnuvikunnar stórt áherslumál.
- 3) Starfssvið hjúkrunarfræðinga. Vinnuframlag hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins verður styrkt með fjölbreyttri þekkingu þeirra og reynslu til samræmis við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Áframhaldandi stuðningur verður við Nightingale-áskorunina og vinna við að koma aftur á yfirhjúkrunarfræðingi (CNO) heldur áfram.
- 4) Þjónusta við félagsmenn. Starfsemi skrifstofu Fíh verður endurskoðuð í anda sjálfbærni og þjónustu við félagsmenn. Áframhaldandi stuðningur verður við nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga í starfi, erlenda hjúkrunarfræðinga og stuðningur við starfslok. Markmið og starfsáætlun var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Kjör í nefndir og ráð

Ólöf Árnadóttir ritari kjörnefndar Fíh fór yfir kjör í nefndir og ráð (6.0).

Í framboði sem aðalmenn í stjórn voru fjórir aðilar. Kosnir voru 3 aðalmenn og 1 varamaður í stjórn félagsins. Alls kusu 44 fundarmenn og voru tveir atkvæðaseðlar ógildir. Því voru 42 gild atkvæði. Niðurstaða kosninga var eftirfarandi:

Framboð til aðalmanns í stjórn

- Dagný Hængsdóttir 27 atkvæði
- Gísli Níls Einarsson 35 atkvæði
- Guðný Birna Guðmundsdóttir 36 atkvæði
- Þóra Gunnarsdóttir 28 atkvæði

Framboð til varamanns:

- Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir - sjálfkjörin

Stjórn 2020-2022 var því réttkjörin:

- Gísli Níls Einarsson
- Guðný Birna Guðmundsdóttir

- Þóra Gunnarsdóttir
- Varamaður: Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir

Ritnefnd (4 fulltrúar):

Í ritnefnd var auglýst eftir þrem framboðum. Eftirtaldir félagsmenn buðu sig fram og voru sjálfkjörnir:

- Hrund Scheving Thorsteinsson
- Kristín Rósa Ármannsdóttir
- Þorbjörg Jónsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Skoðunarmenn reikninga eru kjörnir árlega. Sjálfkjörnir voru:

- Hérdis Herbertsdóttir
- Þórgunnur Hjaltadóttir

Önnur mál

Gísli Nils Einarsson meðstjórnandi lagði fram ályktun stjórnar.

Ályktun Fíh.

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktun.

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) haldinn 17. september 2020 lýsir yfir miklum vonbrigðum með niðurstöðu gerðadóms frá 1. september sl.

Gerðadómur lagði í greinargerð sinni fram ýmis rök sem hefði mátt nýta til að bæta laun hjúkrunarfræðinga, meðal annars að stéttin sé vanmetin til launa miðað við ábyrgð í starfi. Niðurstaðan er fjarri því að bæta launasetningu hjúkrunarfræðinga til hækkunar í samræmi við þessa ábyrgð.

Hjúkrunarfræðingar eru hryggjarstykki heilbrigðiskerfisins og hefur stéttin meðal annars verið í lykilhlutverki undanfarna mánuði í baráttunni við COVID-19 faraldurinn. Þrátt fyrir mikilvægi stéttarinnar hefur íslenska ríkinu ekki tekist að semja um laun við stéttina síðustu ár og hefur gerðardómur í tvígang þurft að úrskurða um laun hjúkrunarfræðinga.

Aðalfundur Fíh krefst þess að hjúkrunarfræðingar fái laun í samræmi við menntun, ábyrgð í starfi og framlag þeirra til heilbrigðisþjónustu. Nýfallinn úrskurður gerðadóms bætir ekki þar úr. Góð laun hjúkrunarfræðinga bæta samkeppnishæfni íslensks heilbrigðiskerfis um starfskrafta hjúkrunarfræðinga og nýliðun verður auðveldari. Íslenskar heilbrigðisstofnanir verða þannig betur í stakk búnar til þess að takast á við fyrirsjáanlega aukningu á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á komandi árum.

Annað í önnur mál

Inga Lúthersdóttir leggur fram tillögu um að kosningar á aðalfundi verði rafrænar.

Nauðsynlegt sé að þeir sem eru í fjarfundi geta líka tekið þátt í kosningunni.

Guðbjörg Pálsdóttir svarar: Þetta hefur þegar verið til umræðu í fráfarandi stjórn. Til að breyta þessu þarf að gera lagabreytingu, en tillagan verður lögð fyrir stjórn á komandi starfsári og mun ný stjórn fjalla frekar um þetta.

Aðalfundi slitið

Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh sleit aðalfundi kl. 18:40

Á aðalfundinn voru skráðir 77 félagsmenn með atkvæðarétt. Á fundinn mættu 44 með atkvæðarétt og 2 sem ekki höfðu skráð sig og því ekki með atkvæðisrétt. 13 afboðuðu komu sína.

Anna María Þórðardóttir fundarritari

Bylgja Kærnested fundarstjóri